

VÍSINDASTARF Á LANDSPÍTALA 2023



UMHYGGJA | FAGMENNSKA | ÖRYGGI | FRAMPRÓUN



LANDSPÍTALI

Efnisyfirlit

Árangursvísar í vísindastarfsemi	3
Úthlutun rannsóknastyrkja Vísindasjóðs 2023	4
Úthlutun styrkja úr Minningargjafasjóði Landspítala 2023	4
Vísindaráð Landspítala – helstu verkefni á árinu 2023	4
Heiðursvísindamaður Landspítala 2023	5
Ungur vísindamaður ársins 2023	5
Verðlaun í læknisfræði og skyldum greinum	5
Verðlaunaágrip á vordögum	5
Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna 2023	6
Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS)	7
Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands	7
Heilbrigðistækni-setur	8

Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2023

Augnlækisfræði	9
Barnalækisfræði	10
Bráðalækisfræði.....	12
Endurhæfingarlækisfræði/Sjúkrabjálfun	13
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar	14
Geðsjúkdómafræði	15
Almenn geðlækisfræði.....	15
Sálarfræði	17
Krabbameinslækisfræði	20
Lífefna- og sameindalíffræði	21
Lyflækisfræði	23
Blóðlækisfræði.....	23
Gigtarlækisfræði	25
Hjartalækisfræði	28
Húð- og kynsjúkdómalækisfræði.....	29
Innkirtlalækisfræði	30
Lungnalækisfræði.....	30
Meltingarlækisfræði	33
Nýrnalækisfræði	35
Smitsjúkdómalækisfræði	36
Meinafræði	38
Myndgreining.....	39
Ónæmisfræði	40

Skurðlækisfræði	43
Bæklunarskurðlækisfræði	43
Háls- nef og eyrnaskurðlækisfræði.....	43
Heila- og taugaskurðlækisfræði	43
Lýtaskurðlækisfræði.....	43
Æðaskurðlækisfræði	43
Kviðarhols- og brjóstaskurðlækningar	44
Kviðarholsskurðlækningar.....	44
Hjarta- og lungnaskurðlækisfræði	44
Þvágfæraskurðlækisfræði	45
Svæfinga- og gjörgæslulækisfræði	45
Sýkla- og veirufræði	47
Taugasjúkdómafræði.....	49
Öldrunarlækisfræði.....	50
Barnahjúkrun	51
Bráðahjúkrun	52
Endurhæfingarhjúkrun	52
Fjölskylduhjúkrun	53
Geðhjúkrun.....	54
Hjúkrun aðgerðasjúklinga	55
Hjúkrun langveikra	56
Hjúkrunarstjórnun	57
Krabbameinshjúkrun	57
Kynheilbrigði	58
Skurð- og svæfingahjúkrun	58
Gjörgæsluhjúkrun.....	59
Öldrunarhjúkrun	59
Ljósómóðurfræði	60
Blóðbankinn	61
Lífedlisfræði og lækisfræðileg eðlisfræði	62
Félagsráðgjöf	63
Geislafræði.....	63
Iðjubjálfun	63
Lyfjafræði	64
Næringarfræði.....	65
Talmeinafræði	66
Heilbrigðisverkfræði	66



Magnús Gottfredsson, forstöðumaður vísindastarfsemi og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands.

Árangursvísar í vísindastarfsemi

Á árinu 2023 var engin lognmolla á Landspítala frekar en fyrri ár og verkefnið óþrjótandi. Árið 2023 var næstsíðasta ár núgildandi vísindastefnu spítalans, sem tekur til árunna 2019-2024.

Eitt meginmarkmið þeirrar stefnu er að auka framlög til vísindastarfsemi til samræmis við það sem er talið eðlilegt á norrænum háskólasjúkrahúsum. Einnig er lögð áhersla á að vísindastarf sé eflt og samofið daglegri starfsemi, jafnframt því sem unnið sé að bættari aðstöðu til vísindastarfa og þróun öflugra rannsóknarhópa. Í stefnunni segir einnig að framlög til vísindastarfsemi nái að lágmarki 3% af veltu á árinu 2024 og að aukning verði á fjölda greina þar sem fyrsti og/eða síðasti höfundur kemur frá Landspítala.

Ástæðan fyrir því að menn voru sammála um að stefna að þessum markmiðum er einföld: Fjárfesting í vísindastarfi og þekkingarsköpun er skynsamleg ráðstöfun fjármuna sem skilar sér í bættum árangri í klínískri þjónustu og auðveldar spítalanum að laða að og halda í hæft starfsfólk.





” Fjárfesting í vísindastarfi og þekkingarsköpun er skynsamleg ráðstöfun fjármuna sem skilar sér í bættum árangri í klínískri þjónustu og auðveldar spítalanum að laða að og halda í hæft starfsfólk. “

Því miður bendir fátt til að spítalinn muni ná þessum tölulegu markmiðum í bráð, enda hafa framlög til vísindastarfsemi staðið í stað undanfarin ár og tími til að sinna vísindastörfum er áfram mjög af skornum skammti. Einn helsti árangursvísirinn, fjöldi birtinga í ritryndum erlendum vísindatímaritum, hélt áfram að dragast saman á árinu 2023 og var þar um að ræða áframhald á þróun undanfarinna ára (mynd 1). Þessi þróun er sérstakt áhyggjuefni, en hún helst í hendur við hvernig klínísk heilbrigðisvísindi við Háskóla Íslands hafa fallið á alþjóðlegum listum sem bera saman gæði háskóla.

Fjöldi nema í meistara- eða doktorsnámi sem tengjast spítalanum í námi sínu hefur hins vegar haldist svipaður (mynd 2). Umsóknum til síðanefndar spítalans fjölgaði á síðasta ári sem er ánægjuleg vísibending um vaxandi rannsóknáform og áhuga, en umsóknum til vísindasíðanefndar, sem oft endurspeglar stærri verkefni (lyfjarannsóknir og rannsóknir á landsvisu) fækkaði á sama tíma (mynd 3). Fjárhæðir styrkja má sjá á mynd 4 sundurgreint eftir því hvort um var að ræða innlenda eða erlenda styrki. Eins og þar kemur fram hafa erlendir styrkir haldið áfram að dragast saman, en innlendir styrkir hækkað og þar munar um aukin framlög til vísindasjóðs spítalans sem er sérstakt ánægjuefni.

Landspítali er háskólasjúkrahús og miðstöð kennslu og rannsókna í klínískum greinum á Íslandi. Ljóst er að styrkja þarf þennan þátt starfseminnar með öllum tiltækum ráðum og koma því þannig fyrir að þetta langtímahlutverk verði ekki ávallt undir í samkeppni við bráðavandamál sem stöðugt knýja dyra. Í heilbrigðisstefnu fyrir Ísland til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi 2019 kemur fram að stofnaður skuli sérstakur heilbrigðisvísindasjóður í síðasta lagi árið 2024. Gjörvallur þingheimur stóð að baki þeirri stefnu. Tryggja þarf að stofnun slíks sjóðs og fjármögnun hans verði að veruleika.

Hér á spítalanum hefur tekist vel til við að byggja upp sérnám í ýmsum klínískum greinum. Hluti af góðu framhaldsnámi og sérfræðiviðurkenningu felur gjarnan í sér kröfuna um reynslu á sviði rannsókna, þótt ekki verði allir klínískir sérfræðingar vísindamenn þegar upp er staðið. Þennan þátt í sérnámi þarf engu að síður að byggja upp á sama hátt og klíníska þjálfun, líkt og gert hefur verið með góðum árangri á öðrum Norðurlöndum. Ég hvet til að góðum hugmyndum þaðan verði stolið og þeim hrint í framkvæmd hér á Landspítala!





Úthlutun rannsóknastyrkja 2023 úr Vísindasjóði Landspítala.

Úthlutun rannsóknastyrkja Vísindasjóðs 2023

Árið 2023 barst Vísindasjóði Landspítala 93 umsókn um styrki og nam heildarfrjárhæð umsókna að þessu sinni um 211 milljónum króna. Vísindasjóður úthlutaði styrkjum til 74 rannsóknarverkefna 2023, þar af voru 52 ný verkefni sem hlutu styrk. Heildarupphæð styrkja nam um 118 milljónum króna og nam meðalstyrkur rúmlega 1,5 milljónum króna. Tilgangur Vísindasjóðs Landspítala er að styrkja og efla vísindarannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum meðal starfsmanna. Vísindaráð Landspítala ber ábyrgð á og hefur umsjón með faglegu mati á þeim umsóknum sem berast sjóðnum.

Listi með veittum styrkjum: [Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala vorið 2023](#)

Úthlutun styrkja úr Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 2023

Minningargjafasjóður Landspítala Íslands veitti 4 verðlaunastyrki að heildarupphæð 7,5 milljóna króna til einstaklega metnaðarfullra verkefna. Sjóðurinn var stofnaður árið 1916 og er tilgangur sjóðsins að stuðla að bættri meðferð sjúklunga, m.a. með styrkveitingum til þeirra eða aðstandenda þeirra og til tækjakaupa fyrir sjúkrahús og/eða til valinna verkefna á vegum Landspítala. Verðlaunahafar eru valdir af stjórn sjóðsins eftir ábendingu frá Vísindaráði Landspítala úr umsóknum til Vísindasjóðs Landspítala og verðlaunastyrkir afhentir á Vísindum á vordögum.

Verðlaunastyrk hlutu:

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor og samstarfsfólk fyrir framhaldsverkefnið „Sérhæfing bólguhjðonunarsvipgerðar og hlutverks NK frumna.“

Oddur Ingimarsson, sérfræðilæknir og lektor og samstarfsfólk fyrir framhaldsverkefnið „Geðrof og maníur hjá einstaklingum á ADHD lyfjum á Íslandi.“

Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir og prófessor fyrir verkefnið „Elucidation of transcriptional regulators of the mild hypothermia response“.

Hrafnhildur Eymundsdóttir, lýðheilsufræðingur fyrir verkefnið „Fjölpátta heilsuefning til einstaklinga (60+) sem eru arfhreinir með tilliti til apolipopróteins (APoE) ε4/4“.

Vísindaráð Landspítala - helstu verkefni á árinu 2023

Vísindaráð Landspítala er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á spítalanum. Vísindaráð hefur einnig umsjón með úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala og var það stærsta verkefni Vísindaráðs á árinu eins og endranær. Árlega velur ráðið heiðursvísindamann Landspítala og ungan vísindamann Landspítala úr tilnefningum. Vísindaráð hafði að venju veg og vanda að skipulagi árlegrar uppskeruhátíðar vísinda á Landspítala, Vísindum á vordögum sem fram fór 26.apríl. Vísindaráð metur einnig innsend ágríp sem sýnd eru á hátíðinni, ágrípi eru birt í fylgiriti Læknablaðsins. Starfsmaður Vísindaráðs sér um móttöku og afgreiðslu umsókna til Birtingasjóðs Landspítala fyrir hönd stjórnar sjóðsins. Vísindaráð vann á árinu að tillögu að breyttri úthlutunarstefnu Vísindasjóðs Landspítala, um stofnun fagráðs með sérfræðingum utan Landspítala, um aukið vægi ráðgjafahlutverks ráðsins og staðsetningu í skipuriti Landspítala, og endurskoðun núverandi hlutverks Vísindaráðs gagnvart Vísindasjóði.

Vísindaráð Landspítala er skipað 10 aðalmönnum og 10 varamönnum til fjögurra ára í senn.

Starfandi aðalmenn Vísindaráðs Landspítala 2023

Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands, formaður.

Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri og prófessor við Háskóla Íslands.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands.

Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands. Leysti af sem aðalmaður í fjarveru Guðrúnar Kristjánsdóttur.

Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Sigurðis Haraldsdóttir, yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands.

Starfsmaður Vísindaráðs

Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur.



Ingibjörg Gunnarsdóttir, heiðursvísindamaður Landspítala 2023.

Heiðursvísindamaður Landspítala 2023

Ingibjörg Gunnarsdóttir næringarfræðingur var valin heiðursvísindamaður Landspítala 2023 (Distinguished Scientific Contribution Award 2023) fyrir framúrskarandi framlag til vísinda á ferli sínum.

Ingibjörg Gunnarsdóttir er fædd árið 1974. Hún lauk BS-prófi í matvælafræði frá Háskóla Íslands 1997, meistaragráðu í næringarfræði árið 1999 og doktorsgráðu frá Háskóla Íslands haustið 2003.

Ingibjörg hefur gegnt starfi deildarstjóra næringarstofu Landspítala frá árinu 2013 og veitt Rannsóknastofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands forstöðu. Hún er jafnframt prófessor í næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Ingibjörg hefur komið að fjölbreyttum rannsóknum á sviði næringarfræði síðastliðin 25 ár í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa. Hún hefur síðastliðin 10 ár fyrst og fremst helgað sig rannsóknum á næringarástandi viðkvæmra hópa með megináherslu á barnshafandi konur og m.a. stuðlað að hagnýtingu rannsókna í klínisku starfi.

Ingibjörg hefur leiðbeint fjölda meistara- og doktorsnemenda á undanföllum árum.

Verðlaun í læknisfræði og skyldum greinum

Sædis Sævarsdóttir, prófessor og varadeildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands, gigtarlæknir á Landspítala og vísindamaður hjá Íslenskri erfðagreiningu, hlaut verðlaun úr Verðlaunasjóði Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar í læknisfræði og skyldum greinum sem afhent voru á Vísindum á vordögum.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1983 af Árna og Þórði, fyrrverandi yfirlæknum á Landspítala og prófessorum við Háskóla Ísland, en tilgangur sjóðsins er að efla og kynna vísindastarfsemi í heilbrigðisvísindum.

Sædis Sævarsdóttir lauk embættisprófi í læknisfræði 2001 og doktorsprófi í ónæmisfræði 2005 við læknadeild HÍ. Hún lauk sérnámi í lyf- og gigtarlækningum við gigtardeild Karolinska háskólasjúkrahússins í Stokkhólmi 2012 og var yfirlæknir þar 2014-2017. Hún stundaði rannsóknir samhliða við Karolinska Institutet (KI) þar sem hún varð dósent í gigtarlækningum 2016 og sat í stjórn sænska gigtargæðagagnagrunnsins.

Sædis er í stjórn íslensku og skandinavísku gigtlæknasamtakanna og situr fyrir hönd Íslands í NOS-M, samráðsnefnd norrænu rannsóknasjóðanna.

Verðlaunagrip á vordögum

Tvo bestu ágríp veggspjalda á uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala, Vísindum á vordögum, í Hringstal 26. April 2023 voru verðlaunuð sérstaklega. Verðlaunahafarnir voru Þórður Björgvin Þórðarson og Kritine Nolling Jensen. Verðlaunin eru allt að 150 þúsund krónur í formi endurgreiðslu á kostnaði verðlaunahafanna vegna kynningar/ferða til kynningar á rannsóknarniðurstöðunum. Verðlaunahafar tóku á móti viðurkenningakjöllum og kynntu veggspjöld sín á veggspjaldasýningu hátíðarinnar. Verðlaunagrip voru valin úr 29 innsendum ágrípum vísindarannsókna árið 2023. Vísindaráð hafði veg og vanda við mat ágrípa sem bárust og velja verðlaunahafana.

Veggspjöld verðlaunahafanna:

Þórður Björgvin Þórðarson: Árangur meðferðar og afdríf minnstu fyrirburanna á Íslandi 1990-2019

Kritine Nolling Jensen: Dietary fish oil enhances early hallmarks of inflammation resolution in antigen-induced peritonitis



Poorya Foroutan Pajoohian, ungur vísindamaður Landspítala 2023.

Ungur vísindamaður ársins 2023

Poorya Foroutan Pajoohian var útnefndur ungur vísindamaður Landspítala 2023 (Young Scientist of Landspítali award 2023).

Poorya Foroutan Pajoohian lauk BSc á sviði heilbrigðisvísinda árið 2016 og MSc í ónæmisfræði árið 2019.

Poorya stundar doktorsnám við læknadeild Háskóla Íslands undir leiðsögn Ingileifar Jónsdóttur prófessors og Stefaníu P. Bjarnarsonar dósent og starfar á ónæmisfræðideild Landspítala.

Hann er stjórnarmaður í Lífvísindasetri sem fulltrúi doktorsnema. Hann vinnur nú að aðferðum til að vinna bug á takmarkaðri bóluvefnissvörun og vernd gegn öndunarferasykingum.

Nýlega birti hópur þeirra ritýnda grein í „Journal of Frontiers in Immunology“ þar sem Poorya er þriðji höfundur og þeir sýndu fram á að ónæmisglæðarnir dmLT og mmCT auka bæði örvin og viðvarandi ónæmissvörun nýbura við bóluvefninu Pn1-CRM197 eftir bóluasetningu í slímhúð eða utan meltingarveggar. Poorya hefur einnig haldið erindi og kynnt veggspjöld með niðurstöður úr rannsóknum sínum innanlands og á alþjóðlegum ráðstefnum.



Á myndinni eru talin frá vinstri: Runólfur Pálsson, Þórður Harðarson, Sædis Sævarsdóttir, verðlaunahafi, og Árna Kristinsson.

Sædis hefur leiðbeint 9 doktorsnemunum og birt fjölda vísindagreinar en flestar rannsóknir hennar og samstarfsfólks hafa beinst að því að finna áhættuþætti og forspárþætti fyrir meðferðarsvörun og horfum í algengasta liðbólgujúkdómnum, iktsýki (rheumatoid arthritis), öðrum gigtar- og sjálfsónæmissjúkdómum.



Verðlaunahafarnir Þórður Björgvin Þórðarson og Kritine Nolling Jensen.

Öll veggspjöld á Vísindum á vordögum 2023 er að finna [á vef spítalans](#).

Öll ágríp sem bárust vegna veggspjalda er að finna á [vef Læknablaðsins](#).



Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala sem hlutu styrk til klínískra rannsókna á Landspítala ásamt Runólfi Pálssyni, forstjóra Landspítala.

Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna 2023

Vísindasjóður Landspítala styrkti 5 unga vísindamenn á Landspítala til klínískra rannsókna. Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 12. desember 2023 í Hringstal, Landspítala. Styrkirnir námu 1,5 og 3 milljónum króna hver, en veitt var úr sjóðnum í fyrsta skipti til 2ja ára. Vísindasjóður Landspítala í krafti vinnu Vísindaráðs Landspítala hefur veitt styrki til ungra vísindamanna á Landspítala síðan árið 2011 og nemur heildarfjárhæð styrkja sem sjóðurinn hefur úthlutað til ungra vísindamanna rúmlega 150 milljónum króna. Markmið þessara styrkja er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirkni nýtskrifaðra starfsmanna spítalans. Þórarinn Guðjónsson, prófessor og forseti Læknadeildar Háskóla Íslands, setti athöfnina og flutti ávarp. Marianne Elisabeth Klinke, prófessor og starfandi formaður Vísindaráðs kynnti styrkjaflokkinn og Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala og formaður Vísindasjóðs afhenti styrkþegum viðurkenningarskjal. Styrkþegar fluttu að lokum stuttan fyrirlestur til kynningar á sínum fjölbreyttu vísindaverkefnum.

Styrkhafar:

Elías Sæbjörn Eypórsson sérfræðilæknir, hlaut styrk að upphæð 3 milljónir króna til 2ja ára vegna verkefnisins A multivariable model to predict the need for bone marrow sampling in individuals with MGUS. Meðumsækjandi Elíasar var Sigurður Yngvi Kristinsson, sérfræðilæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Birtingasjóður

Á árinu 2023 bárust Birtingasjóði 35 umsóknir, en sjóðnum er ætlað að styðja við og hvetja til birtinga frumkvæðisrannsókna við spítalann í góðum erlendum fræðitímaritum, þar sem fyrsti og/eða síðasti höfundur er starfsmaður spítalans. Greinarnar þarf að merkja spítalanum til að umsækjandi geti hlotið styrk. Veittir voru 28 styrkir, alls rúmlega 4 milljónir króna.

Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinarnar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavik, Iceland and Landspítali - The National University Hospital of Iceland.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir sérnámslæknir, hlaut styrk að upphæð 1,5 milljónir króna vegna verkefnisins Primary Aldosteronism in Iceland. Meðumsækjandi Hrafnhildar var Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, sérfræðilæknir og klínískur prófessor við Háskóla Íslands.

Oddný Brattberg Gunnarsdóttir sérnámslæknir, hlaut styrk að upphæð 3 milljónir króna til 2ja ára vegna verkefnisins The Icelandic Hypertrophic Cardiomyopathy Project: A recall-by-genotype study on MYBPC3 founder mutation carriers. Meðumsækjandi Oddnýar var Berglind Aðalsteinsdóttir, sérfræðilæknir.

Páll Guðjónsson sérfræðilæknir, hlaut styrk að upphæð 3 milljónir króna til 2ja ára vegna verkefnisins Indications and adverse effects of amiodarone in Iceland. Meðumsækjandi Páls var Karl Konráð Andersen, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands

Scott Gribbon fótaaðgerðafræðingur og verkefnastjóri, hlaut styrk að upphæð 1,5 milljónir króna vegna verkefnisins The extent of extremity pain in Icelandic schoolchildren and understanding the burden of paediatric leg pain. Meðumsækjendur Scotts voru Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands, Brynja Örlýgsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og prófessor við Háskóla Íslands og Stefan Nilson, prófessor við Gautaborgarháskóla.

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.

Framgangur við Háskóla Íslands

Á árinu 2023 fengu 4 starfsmenn Landspítala framgang innan Heilbrigðisvísindasviðs HÍ:

Hjalti Már Björnsson, yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands

Kristín Huld Haraldsdóttir, sérfræðilæknir og dósent við Háskóla Íslands

Marianne Elisabeth Klinke forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands

Þóra Jenný Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands

Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS)

Á Landspítala er starfrækt Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS). KRS var sett á laggirnar árið 2010 og er samstarf milli Landspítala og HÍ. Markmið þess er að styðja og efla klínískar rannsóknir, auka samstarf stofnananna á því sviði og styrkja innviði sem snúa að klínískum rannsóknum. KRS er hýst innan vísindadeildar Landspítala.

Helsta starfsemi setursins felst í ráðgjöf og aðstoð við rannsakendur ásamt því að vera tengiliður við utanaðkomandi aðila sem óska eftir rannsóknasamstarfi við Landspítala.

Helstu verkefni á árinu voru sem fyrr ráðgjöf til rannsakenda, samskipti við samstarfsaðila og aðkoma að samningum utan- og innanhúss. Að auki hefur KRS aðstoðað rannsakendur við skráningu rannsókna í opinn gagnagrunn, aðallega clinicaltrials.gov. Rannsakendur úr ýmsum heilbrigðisstéttum hafa fengið tölfærðiráðgjöf á árinu, auk ráðgjafar um gagnamál.

KRS hefur sem fyrr haldið námskeið í Good Clinical Practice (GCP) fyrir nemendur og starfsfólk Háskólans og Landspítala.

Verkefnastjóri KRS situr í Vísindarannsóknarnefnd Landspítala og í stjórn Nordisk Monitoring Network (NORM).

Stjórnarmenn KRS eru Karl Andersen, fulltrúi vísindaráðs Landspítala, Guðrún Kristjánsdóttir, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, Ása Vala Þórisdóttir, rannsóknastjóri, heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Formaður stjórnar er Magnús Gottfreðsson, forstöðumaður vísinda á Landspítala.

Verkefnastjóri setursins er Halla Sigrún Arnardóttir.

[Heimasíða KRS.](#)

[Ársskýrsla KRS 2023.](#)

Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands

Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands er rekið sameiginlega af spítalanum og Heilbrigðisvísindasviði HÍ í samræmi við samning stofnananna. Stjórn safnsins er skipuð Magnúsi Gottfreðssyni og Önnu Sigríði Guðnadóttur fulltrúum Landspítala og Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur, fulltrúa HÍ.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar heilbrigðisstarfsfólki innan LSH og kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi, klínísku starfi og rannsóknum. Þá eru sjö stofnanir með þjónustusamninga við safnið um aðgang að safnkosti. Á safninu starfa 3 bókasafns- og upplýsingafræðingar og einn bókmenntafræðingur.

Verkefni

Innan bókasafnsins er sinnt margvíslegum verkefnum. Meðal hefðbundinna verkefna eru skráning safnkosts í bókasafnskerfi landsins og önnur rafræn kerfi, millisafnalán og greinaþjónusta, aðstoð við heimildaleitir og almennar leiðbeiningar varðandi notkun safngagna, heimildaskráningu og upplýsingaöflun. Af stærri viðfangsefnum má nefna samninga við erlenda útgefendur og birgja um aðgang að rafrænum tímaritum, gagnasöfnum og upplýsingaveitum. Safnið hefur með höndum aðgangsstýringu að og framsetningu gagna á vef svo notendur hafi aðgang á sem skilvirkastan máta. Þá sinnir starfsfólk safnsins kennslu og leiðsögn starfsfólks LSH og nemenda og kennara HÍ varðandi notkun safngagna og annarra upplýsingaveitna og gera heimildaleitir samkvæmt beiðni. Einnig tekur starfsfólk safnsins þátt í gerð vísindaskýrslu Landspítala.

Safnkostur

Meginhluti safnkosts bókasafnsins er rafræn tímarit sem spanna þau svið heilbrigðisvísinda sem stunduð eru, kennd og rannsökuð innan Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Fjöldi erlendra tímarita í sérskrift bókasafnsins í árslok 2023 var vel á sjötta hundruð virkra titla þ.e. þar sem aðgangur er að tímaritshéfti

strax við útgáfu þess. Til viðbótar við sérskriftir er safnið með mikinn fjölda tímarita í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Þess má geta að árið 2023 voru sóttar um 179.000 tímaritsgreinar úr áskriftartímaritum safnsins. Auk tímarita semur safnið um aðgang að ýmsum sérhæfðum gagnasöfnum og rafrænum bókum.

Árið 2023 var kostnaður vegna áskrifta að rafrænum gögnum um 133 milljónir króna. Aðgangur að safnkostinum er á [vef Heilbrigðisvísindabókasafnsins](#).

Innlent samstarf

Bókasafnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum innanlands og utan. Hér verða talin upp þau helstu.

IRIS. Rannsóknir á Íslandi (Pure)

Rekstur þessa kerfis er samstarfsverkefni háskóla og rannsóknarstofnana á Íslandi og er tilgangur þess að halda utan um rannsóknavirkni og afurðir vísindastarfs á Íslandi. Verkefnastjóri Heilbrigðisvísindabókasafnsins situr í stýrihóp IRISar fyrir hönd Landspítala. Bókasafnið sér um skráningu vísindagreina og annarra útgefinna afurða vísindastarfs innan Landspítala.

Allir háskólar landsins og helstu rannsóknarstofnanir [munu verða þátttakendur í kerfinu þegar fram líða stundir](#).

Landsaðgangur að rafrænum gögnum

Heilbrigðisvísindabókasafnið hefur tekið virkan þátt í því samstarfsverkefni frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót. Stjórnandi safnsins hefur setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót.

Samstarf stjórnenda háskólabókasafna

Safnið tekur þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu, s.s. nýtt bókasafnskerfi, stefnumótun um opinn aðgang, IRIS upplýsingakerfi um rannsóknir, upplýsingalæsi o.s.frv. Undir regnhlíf þessa samstarfs tók starfsfólk safnsins m.a. þátt í Verkefnavöku HÍ á árinu sem og skipulagningu málstofu og fyrirlestra í alþjóðlegri viku opinis aðgangs.

Landskerfi bókasafna

Nýja bókasafnskerfið opnaði sumarið 2022. Mikil undirbúningsvinna innan safns og þátttaka í vinnuhópum um skráningu, rafræn gögn, SFX og útlánaþátt á vegum Landskerfis bókasafna hafði hvílt á starfsfólki safnsins við undirbúning innleiðingar.

Samstarf við Landsbókasafn – Háskólabókasafn

Reglulegt samstarf og samtal við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ.

Samstarf við Sjúkrahúsið á Akureyri

Á árinu hófst samtal við SAK um möguleika þess að sjúkrahúsið gæti gengið inn í samninga Heilbrigðisvísindabókasafnsins við erlenda útgefendur rafræns efnis og starfsfólk þeirra þannig fengið umtalsvert betri aðgang að tímaritum. Talsverð vinna fór í undirbúning þess verkefnis en þar sem ekki var gert ráð fyrir fjárveitingum árið 2023 var ákveðið að ljúka verkinu á árinu 2024 í trausti þess að samningar við útgefendur takist fyrir árslok. Þess má geta að Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ er eina bókasafn sinnar tegundar á Íslandi.

Erlent samstarf

Anna Sigríður Guðnadóttir hefur verið fulltrúi í EAHIL Council sem er ráðgefandi ráð fyrir stjórn EAHIL, Evrópusamtaka heilbrigðisvísindabókasafna.

Starfsfólk

Anna Sigríður Guðnadóttir verkefnastjóri, Halldór Marteinsson, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson.

Ársskýrslur Heilbrigðisvísindabókasafns [eru aðgengilegar hér](#).



Doktorsnemar sýna uppsetningu á líkamsstöðustjórnunarstofu.

Heilbrigðistæknisetur

Heilbrigðistæknisetur er frumkvöðull í þrívíddarprentun og er leiðandi í þrívíddarprentun fyrir heilbrigðisþjónustuna með áherslu á líffærafræðileg líkön til skipulagningar skurðaðgerða. Þessi líkön gefa fyrirheit um úrlausnir ýmissa klínískra áskorana. Með notkun sýndarveruleika (SV) og auknum veruleika (AV) geta heilbrigðisstarfsmenn nýtt sér umfangsmiklar hermanir. Í sameiginlegu átaki með Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Landspítala er Heilbrigðistæknisetur að þróa menntagrunn fyrir hermunaðstöðu sem notar þrívíddarprentun og SV/AV tækni til að bæta kennslu og þjálfun bæði fyrir nemendur og fagfólk. Þetta sameiginlega verkefni fékk 30 milljóna styrk frá Háskóla- nýsköpunar- og iðnaðarráðuneyti.

Á Heilbrigðistæknisetri er vísindastarfsemi skipt milli þriggja rannsóknarstofa: háupplausnarheilirtsstofa, líkamastöðustjórnunarstofa og þrívíddarprentunarstofa.

Á árinu 2023 fékk setrið ný tæki og kom á fót samstarfi hér á landi og erlendis.

Sem dæmi má nefna að samstarf við Sálfræðideild Háskólans í Reykjavík sem opnar fyrir möguleika á að rannsaka og meta tauganet við lærdóm, og auk þess framþróun á mati á stöðustjórnun við bæði heilbriggt og sjúklegt ástand með nýstárlegum aðferðum. Setrið aflaði rannsóknarstyrkja fyrir samtals 100 milljónir á árinu 2023.

Heilbrigðistæknisetur er lykil viðmiðunarvarða fyrir menntun í heilbrigðisverkfræði á Íslandi hefur verulegt gildi í alþjóðlegu tilliti. Á árinu 2023 lögðu ríflega 60 alþjóðlegir og íslenskir nemendur stund á nám við setrið í starfsnámi, meistaranámi, doktorsnámi og nýdóttoraranámi. Afrakstur rannsókna er eftirtektarverður með fleiri en 10 greinar í ritrýndum alþjóðlegum vísindatímaritum auk bóka og fjölda kynninga á ráðstefnum.

Starfsmenn setursins eru Paolo Gargiulo, verkfræðingur, prófessor við HR og Þórður Helgason, verkfræðingur og dósent við HR.

Upplýsingar um styrki, nema og ritstörf á vegum Heilbrigðistækniseturs má sjá í yfirliti vísindastarfa undir [Heilbrigðisverkfræði](#).

Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2023

Augnlæknisfræði

Forstöðumaður fræðasviðs: Gunnar Már Zoéga yfirlæknir

Áherslur í rannsóknum innan fræðasviðsins

Augnsjúkdómar í sykursýki, þróun augnlyfja, súrefnisbúskapur sjónaugar og sjónhimnu í mönnum og dýrum. Lífeðlisfræði sléttra vöðva í sjónhimnuæðum. Faraldsfræði og erfðafræði augnsjúkdóma. Reykjavíkurannsóknin. Brottnám augna og gerviaugu. Mýs með stökkbreytingum í microphthalmia geni. Aldursbundin hrönnun í augnbotnum á Íslandi. Sjónsviðsskerðing í gláku við fyrstu hjáveituaðgerð. Hjáveituaðgerðir í gláku. Lyfjanotkun í gláku. Sykursýki (samstarf með Árósum). Rannsóknir í vægri vitrænni skerðingu (MCI), MS, AMD og Parkinsons sjúkdóm. Sýkingar í hornhimnum. Fyrirburar og retinopathy of prematurity.

Styrkir sem fræðasviðið fékk á árinu

Vísindasjóður Landspítala

Þór Eysteinnsson. Þáttur ensímsins kolanhydrasa í stjórnsamdráttarkrafts æðaveggs og þvermáls slagæða sjónhimnu.

Þór Eysteinnsson. Andoxunarsvörun og sjálfsát í litþekju músa með stökkbreytingar í Mitf geni.

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Ólöf Birna Ólafsdóttir. Súrefnis- og raflíffræðilegar mælingar í sjónhimnu – ýmsir sjúkdómar.

Þór Eysteinnsson. Verkan nýrra kolanhydrasa hamlara á togkraft slagæðaveggs.

Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur

Þór Eysteinnsson. Svipgerð augans í erfðabreyttum músum með stökkbreytingar í Mitf geni, og aldursháðar breytingar í þeim.

David Þór Jónsson. Þekkingu á öldruðum glákusjúklingum með því sjónarmiði að koma í veg fyrir sjónsviðsskerðingu eða blindu. Stjórn verkefnis: María Soffía Gottfreðsdóttir.

Doktorsnemar

Róbert Karlsson. Þróun sjálfvirkra aðferða í súrefnismælingum í augnbotnum (Development of automated methods in retinal oximetry measurements). Heilbrigðisvísindasvið og Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi: Sveinn Hákon Harðarson. Aðrir í doktorsnefnd: Einar Stefánsson, Jón Atli Benediktsson, Toke Bek. Vörn fór fram í nóvember 2023.

Meistaraneimar

Védís Helgadóttir. Súrefnismettun. Retinal biomarkers in mild, cognitive impairment and Alzheimer's disease. Umsjónarkennari: Ólöf Birna Ólafsdóttir. Meistaranefnd: Sveinn Hákon Harðarson, Þórunn Scheving Elíasdóttir. Vörn fór fram í febrúar 2023.

Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir. Greiningar á lífmerkjum í sjónhimnu fólks með Parkinsons veikni og væga, vitræna skerðingu. Umsjónarkennar: Ólöf Birna Ólafsdóttir. Meistaranefnd: Þórunn Scheving Elíasdóttir og Marianne Klinke.

BS nemi

Katla Björg Jónsdóttir. Fylgiglaka vegna blóðþurrðar, meðferð með ahmed shunt ísetningu. Umsjón verkefnis: María Soffía Gottfreðsdóttir.

Læknar í framhaldsnámi

Yrsa Yngvadóttir, Davíð Þór Jónsson, Jón Ágúst Stefánsson, Sigurrós Jónsdóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir, Valur Guðnason, Þorsteinn Viðarsson.

Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum

Samstarfsaðilar innan Landspítala

Öldrunarlæknisfræði. Sýkla- og veirufræðideild.

Íslenskir samstarfsaðilar utan Landspítala

Háskóli Íslands. Íslensk erfðagreining. Hjartavernd.

Erlendir samstarfsaðilar

Svíþjóð: Uppsala Universitet og Umeå Universitet.

Danmörk: Syddansk Universitet í Odinsvæum og Aarhus Universitet í Árósum.

Holland: Leiden University í Haag.

Finnland: Háskólinn í Austur Finnlandi í Kuopio.

Viðurkenningar sem starfsfólk fræðasviðsins /fræðigreinarinnar fékk á árinu 2023

Jóhann Ragnar Guðmundsson er member í American Academy of Ophthalmology.

Jóhann Ragnar Guðmundsson er member í European board of Ophthalmology.

Birna Guðmundsdóttir er Candidate member í ESOPRS.

Dýrleif Pétursdóttir er forseti NPOG, Nordic Pediatric Ophthalmology Group.

Haraldur Sigurðsson augnskurðlæknir var forseti European Society of Oculoplastic and Reconstructive Surgery, ESOPRS.

Haraldur Sigurðsson er stjórnarmaður í SOE, European Society of Ophthalmology.

Helgi Davíð Björnsson er forseti NSA, Nordic Strabismological Association.

Sigríður Þórisdóttir er formaður Augnlæknafélags Íslands.

María Soffía Gottfreðsdóttir er full member í American Glaucoma Society (AGS).

María Soffía Gottfreðsdóttir er member of European University Professors of Ophthalmology (EUPO).

Rannveig Linda Þórisdóttir er Full member í ESOPRS.

María Soffía Gottfreðsdóttir er skipuð lektor við Læknadeild HÍ í mars 2023.

Störf í ritstjórn ritrýndra fagrita á árinu 2023

Helgi Davíð Björnsson er í ritstjórn Oftalmolog.

María Soffía Gottfreðsdóttir er stjórnarmaður í ACTA Ophthalmologica.

Birna Guðmundsdóttir er stjórnarmaður í ACTA Ophthalmologica.

Þór Eysteinnsson er aðstoðarritstjóri á tímaritinu Brain Communications (Oxford University Press).

Þór Eysteinnsson er gestarritstjóri Frontiers in Cellular Neurophysiology. Research Topic: Sensory Processing in Vision and Olfaction – Common Features of Key Players. (Eysteinnsson, T., Fadool, D. A., Thoreson, W. B., eds. (2022). Sensory Processing in Vision and Olfaction – Common Features of Key Players. Lausanne: Frontiers Media SA. doi: 10.3389/978-2-88974-634-7).

Ritverk- vísindagreinar í ritrýndum erlendum tímaritum

👤 Llorca AG, Ólafsson KH, Sigurdsson AT, **Eysteinnsson P.** Progressive Cone-Rod Dystrophy and RPE Dysfunction in Mitfmi/+ Mice. Genes. 2023 júl. 17;14(7):1458. doi: 10.3390/genes14071458.

García-Llorca A, Reynisson H, **Eysteinnsson T.** Measuring Retinal Vessel Diameter from Mouse Fluorescent Angiography Images. J Vis Exp. 2023 May 19;(195).

Eysteinnsson T, García-Llorca A, Hardarson AO, Vullo D, Carta F, Supuran CT. Int J Mol Sci. 2023 May 2;24(9):8140.

Önnur ritverk

Kaarniranta, K and **Stefánsson, E**, Geographic atrophy ends Acta Ophthalmologica centennial, Dec 2023, ACTA OPHTHALMOLOGICA, 101 (8), pp.837-838.

Stefánsson, E and Kaarniranta, K, This issue of ACTA 101-7, Nov 2023, ACTA OPHTHALMOLOGICA, 101 (7), pp.715-716.

Stefánsson, E and Kaarniranta, K, This issue of Acta, Sep 2023, ACTA OPHTHALMOLOGICA, 101 (6), pp.593-594.

Stefánsson, E and Kaarniraqa, This issue of ACTA, Aug 2023, ACTA OPHTHALMOLOGICA, 101 (5), pp.477-477.

Stefánsson, E and Kaarniranta, K, This issue of Acta (April 2023), May 2023 |

ACTA OPHTHALMOLOGICA, 101 (3), pp.249-250.

Loftsson, T and **Stefánsson, E**, Topical dexamethasone delivery to the retina: An aqueous cyclodextrin-based microsuspension, Feb 2023 (Early Access), JOURNAL OF DRUG DELIVERY SCIENCE AND TECHNOLOGY.

Kaarniranta, K and **Stefánsson, E**, Acta Ophthalmologica for 100 years, Feb 2023, ACTA OPHTHALMOLOGICA, 101 (1), pp.7-7.

Stefánsson, E, Science, innovation and Nasdaq Jun 2023, LAEKNABLAÐID, 109 (5), pp.231-231.

Veggspjöld/fyrirlestrar/ á alþjóðlegum / norrænum ráðstefnum á árinu: 2

Barnalæknisfræði

Forstöðumaður fræðasviðs: Ásgeir Haraldsson prófessor

Áherslur í rannsóknum innan fræðasviðsins /fræðigreinarinnar

Faraldsfræði sjúkdóma, tilurð þeirra og meðferð. Meðal helstu verkefna eru rannsóknir á árangri pneumókokkabólusetninga á Íslandi, meinmyndun nýrnaskaða og meðferð sjúklinga með adenín-fosfóribósýltransferasaskort, árangur meðferðar krabbameina og þáttum sem hafa áhrif á horfur nýbura og fyrirbura. Auk þess eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á fæðuþoli og ofnæmi, nýrnasteinasjúkdómi, blóðþrýstingi, offitu barna, sykursýki barna og iðrasýkingum svo eitthvað sé talið.

Styrkir sem fræðasviðið fékk á árinu

Rannsóknasjóður RANNÍ

Öndvegisstyrkur, úthlutað til þriggja ára (2021-2023)

Viðar Örn Eðvarðsson og Runólfur Pálsson.

Adenín-fosfóribósýltransferasaskortur:

Meinmyndun nýrnaskaða og einstaklingsmiðuð

meðferð (Heiti verkefnis á ensku: Adenine Phosphoribosyltransferase Deficiency: Mechanisms of Kidney Injury and Treatment Individualization).

Vísindasjóður Landspítala

Ásgeir Haraldsson. Bakteríur og veirur í nefkoki leikskólabarna.

Helga Elívdóttir. Cystic Fibrosis á Íslandi.

Valtýr Stefánsson Thors. Long COVID hjá íslenskum börnum.

Valtýr Stefánsson Thors. Áhrif sýklalyfjanotkunar snemma á ævinni á svörum við bólusetningum.

Valtýr Stefánsson Thors. Inflúensubólusetningar barna með áhættuþætti og barnshafandi kvenna á Íslandi.

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Valtýr Stefánsson Thors. Áhrif sýklalyfjanotkunar snemma á ævinni á svörum við bólusetningum.

Viðar Örn Eðvarðsson. Hámörkun á gæðum lyfjameðferðar sjúklinga með APRT-skort.

Doktorsstyrkjasjóður Háskóla Íslands

Birta Bæringsdóttir. Styrkur til 3 ára (2022-2024). Útsetning fyrir sýklalyfjum snemma á ævinni og síðkomin áhrif á heilsu barna. Leiðbeinendur: Valtýr Stefánsson Thors og Ásgeir Haraldsson.

Vísindasjóður félags íslenskra gigtlækna

Judith Amalía Guðmundsdóttir. Ónæmisfræðilegar orsakir snemmkominnar barnagigtar.

Doktorsnemar

Aðalheiður Elín Lárusdóttir: Genetics of fat distribution. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Hilma Hólm. Umsjónarkennari Ragnar Bjarnason. Aðrir í doktorsnefnd: Guðmundur Þorgeirsson.

Ásdís Hrönn Sigurðardóttir. Tengsl blóðþrýstings í æsku við blóðþrýsting og háþrýsting hjá ungum fullorðnum: 10 ára eftirfylgdarrannsókn. Læknadeild, Háskóla Íslands. Umsjónarkennari: Viðar Örn Eðvarðsson. Aðrir í doktorsnefnd: Ólafur Skúli Indriðason, Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, Sigurður Sverrir Stephensen, Hilma Hólm.

Birta Bæringsdóttir. Útsetning fyrir sýklalyfjum snemma á ævinni og áhrif á heilsufar barna. Læknadeild, Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi: Valtýr Stefánsson Thors. Umsjónarkennari: Ásgeir Haraldsson. Doktorsnefnd: Kristján Orri Helgason, Birgir Hrafnkelsson, Þórólfur Guðnason.

Erlendur Egilsson. Usage and daily attrition from a smartphone-based health behaviour intervention. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi og umsjónarkennari. Doktorsnefnd: Ragnar Bjarnason.

Hildur Rún Helgudóttir. Adenínfosfóribósýltransfera saskortur: Sameinda- og frumlíffræðilegar breytingar í nýrnafrumum eftir meðhöndlun með 2,8-díhýdroxýadeníni (DHA). Læknadeild, Háskóla

Íslands. Umsjónarkennari Þórarinn Guðjónsson. Meðleiðbeinandi: Viðar Örn Eðvarðsson.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir. Primary aldosteronism in Iceland. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, umsjónarkennari Ragnar Bjarnason. Aðrir í doktorsnefnd: Bjarni Agnarsson, Guðjón Birgisson.

Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen. Secondary effects of head trauma in female athletes, possible hypopituitarism, psychological defects and loss of quality of life. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, umsjónarkennari Ragnar Bjarnason. Aðrir í doktorsnefnd: María Kristín Jónsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Sigrún Helga Lund.

Unnur A. Thorsteinsdóttir. Development of quantitative ultra-performance liquid chromatography tandem mass spectrometry (UPLC-QqQ-MS) assay for clinical diagnosis and pharmacotherapy monitoring of patients with APRT deficiency. Lyfjafraeðideild, Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi: Margrét Þorsteinsdóttir. Umsjónarkennari: Runólfur Pálsson. Aðrir í doktorsnefnd: Viðar Örn Eðvarðsson, Mathew Lewis, Jón Jóhannes Jónsson.

Vigdís Hrönn Viggósdóttir. Late effects of childhood cancer - Survivor's health condition, quality of life and experience. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Ragnar Bjarnason, umsjónarkennari Helga Jónsdóttir, Thor Aspelund.

Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum

Íslenskir samstarfsaðilar innan Landspítala

Erfða- og sameindalæknisfræði, hjartalæknisfræði, kvensjúkdóma- og fæðingarlæknisfræði, lyflæknisfræði, meinafræði, nýrnalæknisfræði, ofnæmislæknisfræði, ónæmisfræði, sýkla- og veirufræði, smitsjúkdómalæknisfræði; svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði.

Íslenskir samstarfsaðilar utan Landspítala

ArcticMass, Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, Íslensk erfðagreining.

Háskóli Íslands: Lyfjafraeðideild; efnafraeðideild; félagsvísindadeild; hagfræðideild; sálfræðideild; verkfræði- og náttúruvísindadeild.

Háskólinn í Reykjavík.

Erlendir samstarfsaðilar

Austurríki: Medical University of Vienna, Biomay AG Vienna; Paris Lodron University of Salzburg.

Bandaríkin: Mayo Clinic, Rocheser Minnesota; NYU School of Medicine, New York.

Bretland: Imperial College, London; Nuffield Department of Medicine and Department of Zoology; University of Oxford, Oxford, Pathogen Genomics, Wellcome Trust Sanger Institute, Hinxton; Royal Free Hospital, University College of London; University of Bristol; University of Oxford, Oxford; University of Bristol, School of Cellular and

Molecular Medicine. Institute of Food Research, Bristol University. Southampton Children Hospital. St Mary's Hospital London.

Danmörk: Copenhagen University, Statens Serum Institut, Copenhagen; Odense University Hospital.

Finnland: Department of Pediatrics, Kuopio University Hospital, Kuopio, Finland; Department of Pediatrics, Oulu University Hospital, Oulu, Finland; Department of Pediatrics, Turku University central hospital, Turku; Department of Pediatrics, Tampere University Hospital, Tampere; Helsinki University Central Hospital, Helsinki.

Frakkland: CEA Institute of Biology Technologies.

Grikkland: Kapodistrian University of Athens.

Holland: Academic Medical Center, HAL Allergy BV, Leiden; BIAL Aristegui, University Medical Centre Utrecht; Clinical Trial Centre Maastricht.

Noregur: Oslo University.

Pólland: Medical University of Lodz, Poland.

Spánn: Hospital Clinico San Carlos, BIAL Aristegui, Bilbao, Servicio Andaluz de Salud; Paediatric Infectious Disease Unit, Hospital 12 de Octubre, Madrid.

Svíþjóð: Karolinska Institute, Stockholm; Linköping University; Sahlgrenska University Hospital, Gothenburg.

Þýskaland: Inst. of Pathology & Dpt. of Nephrology, Laboratory of Nephropathology

University Clinic of RWTH, Aachen.

Starfsmenn fræðisviðsins eru enn fremur í alþjóðlegu samstarfi í vísindarannsóknum í gegnum ýmis samvinnuverkefni (upptalning ekki tæmandi):

Food Allergy Specific Therapy (FAST) Study Group.

Nordic Society for Pediatric Hematology and Oncology (NOPHO).

The Rare Kidney Stone Consortium a part of the National Center for Advancing Translational Sciences (NCATS) Rare Diseases Clinical Research Network.

Störf í ritstjórn ritryndra fagrita á árinu

Ásgeir Haraldsson er í ritstjórn (editorial board member) Acta Paediatrica.

Viðar Örn Eðvarðsson er í ritstjórn (editorial board member) Pediatric Nephrology.

Þórhur Þórkelsson er aðstoðarritstjóri Current Treatment Options in Pediatrics.

Doktorsritgerðir á árinu

Íris Kristinsdóttir. Vaccine preventable diseases in

Icelandic children - rotavirus, meningococcus, and influenza: We can do better. Læknadeild, Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi: Valtýr Stefánsson Thors. Umsjónarkennari: Ásgeir Haraldsson. Doktorsnefnd: Þórolfur Guðnason, Karl G. Kristinsson, Magnús Gottfredsson.

Sonja Baldursdóttir: Newborn respiratory support using distending pressure: the effect of interfaces and system design on performance and outcome. Karolinska University Hospital, Sweden. Leiðbeinendur: Baldvin Jónsson, Thomas Drevhammar og Snorri Donaldsson. Doktorsnefnd: Kajsa Bohlin-Blennow, Ola Andersson og Stefan Johansson.

Ritverk- vísindagreinar í ritryndum innlendum tímaritum

Elín Óla Klemenzdóttir, Arna Ýr Karelsdóttir, **Valtýr Stefánsson Thors**. Hin mörgu andlit streptókoka af flokki A: Tilfellaröð ifarandi sýkinga af barnadeild. Læknablaðið. 2023 Sept;109(9):400-405. doi: 10.17992/lbl.2023.09.758.

Jens Stensrud, **Óskar Örn Óskarsson**, Helga Erlendsdóttir, **Valtýr Stefánsson Thors**. Heilahimnubólga hjá börnum á Íslandi af völdum pneumókoka: Sjúkratilfelli og yfirlit. Læknablaðið. 2023 Nov;109(11):504-507. doi: 10.17992/lbl.2023.11.767.

Ragna Kristín Guðbrandsdóttir, Engilbert Sigurðsson, Oddur Ingimarsson. Geðrof í kjölfar ADHD-lyfjameðferðar: Sjúkratilfelli. Læknablaðið. 2023 Jul 1;109(7-8):346-349. doi: 10.17992/lbl.2023.0708.753.

Ragnar Bjarnason, Shortages of medications in Iceland, Local reasons? Læknablaðið/The Icelandic Medical Journal in Læknablaðið, 2023, Nov;109(11),493. doi.org/10.17992/lbl.2023.11.765.

Tryggvi Helgason, Quis custodiet medicum? Læknablaðið/The Icelandic Medical Journal in Læknablaðið. Nov;109(09),387-394. doi.org/10.17992/lbl.2023.09.756.

Ásgeir Haraldsson, Research, knowledge and health-care service, Læknablaðið/The Icelandic Medical Journal in Læknablaðið, vol.109(06),279. doi.org/10.17992/lbl.2023.06.745.

Sigrún Þorsteinsdóttir, Long waiting list sand the need for multidisciplinary solutions, Læknablaðið/The Icelandic Medical Journal in Læknablaðið, vol.109(06),281, doi.org/10.17992/lbl.2023.06.746.

Ívar Sævarsson, **Soffía Guðrún Jónasdóttir**, **Berglind Jónsdóttir**, Weigh Loss in a Neonate- A case of Hypoadosteronism, Vol.109(01),18-21, doi.org/10.17992/lbl.2023.01.725.

Ritverk – vísindagreinar í ritryndum erlendum tímaritum

Baldursdóttir S, **Dónaldsson SF**, Palleri E, Drevhammar T, Jonsson B. Respiratory outcomes

after delivery room stabilisation with a new respiratory support system using nasal prongs. Acta Paediatrica, International Journal of Paediatrics. 2023 apr.;112(4):719-725. doi: 10.1111/apa.16665.

Biedebach L, Óskarsdóttir M, Arnardóttir ES, Sigurdardóttir SE, **Clausen MV**, Sigurðardóttir Sp, Serwatko M, Islind AS. Anomaly detection in sleep: detecting mouth breathing in children. Data Mining and Knowledge Discovery. 2023 nóv. 13. doi: 10.1007/s10618-023-00985-x.

Björnsdóttir B, Hernandez UB, **Haraldsson Á**, **Thors VS**. Febrile Children with Pneumonia Have Higher Nasopharyngeal Bacterial Load Than Other Children with Fever. Pathogens. 2023 apr.;12(4):517. doi: 10.3390/pathogens12040517.

Björnsdóttir G, Chalmer MA, Stefánsdóttir L, Skúladóttir AT, Einarsson G, Andrésdóttir M, Beyter D, Ferkingstad E, Gretarsdóttir S, Halldorsson BV, Halldorsson GH, Helgadóttir A, Helgason H, Hjorleifsson Eldjarn G, Jonasdóttir A, Jonasdóttir A, Jonsdóttir I, Knowlton KU, Nadauld LD, Lund SH, Magnusson OT, Melsted P, Moore KHS, Oddsson A, Olason PI, Sigurdsson A, Stefánsson OA, Saemundsdóttir J, Sveinbjornsson G, Tragante V, Unnsteinsdóttir U, Walters GB, Zink F, Rødevand L, Andreassen OA, Igland J, Lie RT, Haavik J, Banasik K, Brunak S, Didriksen M, T Bruun M, Erikstrup C, Kogelman LJA, Nielsen KR, Sørensen E, Pedersen OB, Ullum H; DBDS Genetic Consortium; Masson G, Thorsteinsdóttir U, Olesen J, **Luðvígsson P**, **Thorarensen Ó**, Björnsdóttir A, Sigurdardóttir GR, Sveinsson OA, Ostrowski SR, Holm H, Gudbjartsson DF, Thorleifsson G, Sulem P, Stefánsson H, Thorgeirsson TE, Hansen TF, Stefánsson K. Rare variants with large effects provide functional insights into the pathology of migraine subtypes, with and without aura. Nature Genetics. 2023 nóv.;55(11):1843-1853. doi: 10.1038/s41588-023-01538-0.

Butler MEB, Jansen van Rensburg MJ, Karani A, Mvera B, Akech D, Akter A, Forrest C, van Tonder AJ, Quirk SJ, Haraldsson GÆ, Bentley SD, Erlendsdóttir H, **Haraldsson Á**, Kristinsson KG, Scott JAG, Brueggemann AB. Nasopharyngeal competition dynamics are likely to be altered following vaccine introduction: bacteriocin prevalence and diversity among Icelandic and Kenyan pneumococci. Microbial genomics. 2023 júl.;9(7):001060. doi: 10.1099/mgen.0.001060.

👤 **Demian KH**, **Þórkelsson Þ**, **Sigfússon G**, **Dónaldsson SF**. Respiratory Disorders in Neonates Born by Elective Cesarean Section. Current Treatment Options in Pediatrics. 2023 jún.;9(2):45-58. doi: 10.1007/s40746-023-00266-1.

👤 **Dónaldsson SF**, Palleri E, Jonsson B, Drevhammar T. Transition of Extremely Preterm Infants from Birth to Stable Breathing: A Secondary Analysis of the CORSAD Trial. Neonatology. 2023 mar.;120(2):250-256. Epub 2023 jan. 23. doi: 10.1159/000528754.

Dudley IM, Sunguc C, Heymer EJ, Winter DL,

Teepen JC, Belle FN, Bárði E, Bagnasco F, **Guðmundsdóttir Þ**, Skinner R, Michel G, Byrne J, Øfstaas H, Jankovic M, Mazic MC, Mader L, Loonen J, Garwicz S, Wiebe T, Alessi D, Allodji RS, Haddy N, Grabow D, Kaatsch P, Kaiser M, Maule MM, Jakab Z, Gunnes MW, Terenziani M, Zaletel LZ, Kuehni CE, Haupt R, de Vathaire F, Kremer LC, Lähteenmäki PM, Winther JF, Hjorth L, Hawkins MM, Reulen RC. Risk of subsequent primary lymphoma in a cohort of 69,460 five-year survivors of childhood and adolescent cancer in Europe: The PanCareSurFup study. *Cancer*. 2023 feb. 1;129(3):426-440. doi: 10.1002/cncr.34561.

 **Guðmundsdóttir JA**, Thorgeirsdóttir S, Lundbäck V, Göngrich C, Lingman Framme J, Kindgren E, Rydenman K, Ludviksson BR, Bjarnadóttir H, Rúnarsdóttir S, Nilsson S, Zetterström RH, Ekwall O, Lindgren S. Normal neonatal TREC and KREC levels in early onset juvenile idiopathic arthritis. *Clinical Immunology*. 2023 apr.;249:109277. doi: 10.1016/j.clim.2023.109277.

Kallen EJJ, Revers A, Fernández-Rivas M, Asero R, Ballmer-Weber B, Barreales L, Belohlavkova S, de Blay F, **Clausen MV**, Dubakiene R, Ebisawa M, Fernández-Perez C, Fritsche P, Fukutomi Y, **Gíslason D**, Hoffmann-Sommergruber K, Jedrzejczak-Czechowicz M, Knulst AC, Kowalski ML, Kralimarkova T, Lidholm J, Metzler C, Mills ENC, Papadopoulos NG, Popov TA, Purohit A, Reig I, Seneviratne SL, Sinaniotis A, Takei M, Versteeg SA, Vassilopoulou AE, Vieths S, Welsing PMJ, Zwinderman AH, Le TM, Van Ree R. A European-Japanese study on peach allergy: IgE to Pru p 7 associates with severity. *Allergy*. 2023 Sept;78(9):2497-2509. Epub 2023 Jun 19. doi: 10.1111/all.15783.

Krali O, Marincevic-Zuniga Y, Arvidsson G, Enblad AP, Lundmark A, Sayyab S, Zachariadis V, Heinänen M, Suhonen J, Oksa L, Vepsäläinen K, Öfverholm I, Barbany G, Nordgren A, Lilljebjörn H, Fioretos T, Madsen HO, Marquart HV, Flaegstad T, Forestier E, **Jónsson ÓG**, Kanerva J, Lohi O, Norén-Nyström U, Schmiegelow K, Harila A, Heyman M, Lönnnerholm G, Svänen AC, Nordlund J. Multimodal classification of molecular subtypes in pediatric acute lymphoblastic leukemia. *npj Precision Oncology*. 2023 des.;7(1):131. doi: 10.1038/s41698-023-00479-5.

